

Heimir Már Pétursson

2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 171, 173

© Krumma films ehf.

DV 173

Ég kom út 1988 og hafði þá verið í sambandi með stelpu í níu ár. Og þegar að hinsvegar alnæmið kom, fyrstu fréttirnar af því svona í kringum eða uppúr 1980 þá svona gerðist mikil breyting að því leytinu til að ég hætti að sofa annað slagið hjá strákum eins og ég hafði alltaf gert alveg frá því að ég var unglingur. Og síðan fór ég í ferð fyrir Stúdentaráð til Stokkhólms á fund og hafði þá ekki verið með strák í ein fimm ár og lenti þar með strák og þá voru tímarnir þannig að jafnvel þó að á þeim tíma '88 væri töluvert mikið meira vitað um alnæmi heldur en þarna '80, '81-2 að engu að síður vissi fólk ekki jafn mikið og það veit í dag. Þannig að fyrir mér var þetta svona wakeup call að mér fannst ég verða að segja henni frá því þó að ég væri nú nokkurn veginn viss um að það hefði ekkert gerst sem að var hættulegt. Og þannig að ég eiginlega sprakk út úr skápnunum þarna á þessum dögum í Stokkhólmi. Og síðan bjuggum við saman í svona eitt ár í viðbót eftir að þetta kom uppá og við höfðum bæði ætlað í framhaldsnám til Bretlands og hún fór í nám en ekki ég og þar með hófst sú ganga.

Það var svona í svona millibilsástandi frá því það var sem verst að mig grunar. Af því að ég auðvitað þekki þann tíma ekki mjög vel. En það var ekki eins jákvætt og núna. En það var svona einhver sprenging að eiga sér stað. Moulin Rouge var þá til sem skemmtistaður og var svona held ég fyrsti svona seinni tíma allavega svona opinberi gay skemmtistaðurinn. Og síðan kom 22 bara það sama ár, og þannig að það var svona smá opnun að eiga sér stað og ég held að þessi kynslóð krakka sem voru þá á mínum aldri, svona komin yfir 24-25 ára aldur, að við höfum ekkert verið til í mikinn feluleik þegar við vorum á annað borð komin út. Og eigum það auðvitað líka að þakka að þá hafði auðvitað töluverð umræða átt sér stað í samfélaginu og eins og margir hafa sjálfsagt nefnt þá var auðvitað alnæmið svona dulin blessun. Þ.e.a.s. það fól í sér að það varð að sprengja þessi mál út. Og tala um þau. Og það fóru allt í einu að birtast greinar og annað í Morgunblaðinu sem menn höfðu ekki séð áður og hérna og straight fólk þurfti að fara að tala um okkar málefni. Viljugt eða óviljugt. Og þannig að það

var svona einhver frelsistilfinning í loftinu á þessum tímum. Og á meðan að 22 voru til dæmis uppá sitt besta þá var mjög gaman að vera hommi og lesbía í Reykjavík.

Já. Ég átti nú engan þátt í fyrstu Hinsegindögunum. Fyrsta Gay pride-inu sem var haldið í þessari lotu vegna þess að ég þarf náttúrulega að geta þess að það voru farnar hérna litlar göngur áður sem höfðu kannski meira yfir sér bragð mótmælagöngu, kröfugöngu heldur en gleðigöngu eins og við erum með í dag. Hinsvegar þegar ég sá, það voru samt aðrir sem höfðu frumkvæði af því að hafa í júní '99, samkomu á Ingólfstorgi til að minnast þess að 30 ár voru liðin frá Stonewall. Og það var ekki mikið auglýst annarsstaðar en bara innan gaykreðsunnar og engu að síður komu 1500 manns niður á Ingólfstorg sem að mér fannst sem gömlum fjölmiðlamanni alveg ótrúlegt að skyldu koma 1500 manns og meirihlutinn af þeim var straight. Sem var að koma og fylgjast með skemmtun sem að samkynhneigðir settu upp á Ingólfstorgi. Þannig að nokkrum dögum seinna hafði ég samband við Veturliða Guðnason vin minn og sagði: Það verður að halda aftur svona á næsta ári. Það verður að ganga og hérna og við verðum að byrja að undirbúa það núna. Og honum fannst það nú mikið óðagot að ætla að fara að undirbúa eitthvað sem ætti að fara að gerast eftir ár. Þá og þegar og ég sagði: Nei við verðum að fara að undirbúa þetta núna og fá fólk með okkur og safna peningum og læra svolítið af öðrum sem hafa gert þetta. Og hérna komast að því hvernig á að halda svona göngur og svo framvegis. Og þá höfðum við fengið útaf þessari samkomu okkar þarna, samkomu niðri á Ingólfstorgi, bréf frá Interpride sem var þá að halda sitt fyrsta þing í Evrópu. Var þá í Glasgow og það varð úr að ég fór á það þing og kom heim með fullt af hugmyndum sem ég hafði lært þar. Og það var svona, það voru ekkert allir á því að það ætti að hafa göngu. Fólk hélt að við myndum líta út eins og fifl. Við yrðum þarna einhver sárafa töltandi niður Laugarveginn og það yrði bara hlegið að okkur. Og hérna, en hafandi unnið í sjónvarpi þá sagði ég, það er ekkert mál við bara búum bara til að minnsta kosti 300 metra langa göngu og það er engin myndavél sem nær henni í einu skoti, þannig að við munum alltaf líta út fyrir að vera mörg þó að við yrðum bara þessir 300 sem að mættu í gönguna. Þannig að við þurfum bara að finna 300 manns til að mæta. Og síðan hagar nú þannig til að þar sem við setjum gönguna saman, við hliðina á

lögreglustöðinni á Rauðarárstígnum að þar sér nú ekki upp Laugarveginn þannig að... og við vorum mjög upptekin að koma þessu bara saman þannig að við vorum ekkert að þæla í því hvort að það væri eitthvað fólk á Laugarveginum yfirleitt og jú jú það mætti þarna fólk til að búa til 300 metra langa göngu með mörgum og skemmtilegum atriðum. Mig minnir að við höfum verið með álfadrottningu og álfakóng í hestakerru það árið og fleira og fleira, mikið brólt á okkur. Og síðan fer gangan af stað á réttum tíma. Og þegar við komum fyrir hornið á Hlemmi og sjáum niður Laugavegin að biðu eftir okkur sirka 12.000 manns. Og það var alveg rosalegt augnablik að hérna sjá það. Hjartað í manni stoppaði bara í smá stund og tárin spýttust fram vegna þess að þá hafði einhverveginn öll kynningin og annað sem við höfðum verið að hamra á í fjölmiðlum vikunum á undan og svo framvegis skilað sér og það var greinilega svona mörgu fólki mál að sýna það að það stæði með okkur. Og síðan hefur þetta bara vaxið. Og vaxið. Og orðið meira og meira.

Sko, fyrst þegar við leggjum af stað með göngu þá hérna. Eða fyrst '99 vorum við að eyða kannski tæplega hálfri milljón í að halda hátíð niðri á Ingólfstorgi. Síðan 2000 þá náttúrulega kostar þetta allt miklu meira af því að við förum líka í meiri kynningarmál sem að hérna ég taldi vera lykilinn að því að hérna að ná til fólks og fá fólk með okkur. Og auðvitað eyðum við, það kostar töluvert að bara að koma göngunni á, það þarf að leigja hljóðkerfi og svo framvegis. Og fyrst svona kom það nú á óvart, það voru nokkur fyrirtæki sem voru til í að auglýsa og þá var fyrsta útgáfan hjá okkur að við gáfum út miðbæjarkort af Reykjavík. Og þar voru nokkur fyrirtæki sem að vildu vera með og lítið dagskrárit. Og ég man að til dæmis ég held að Landsbankinn hafi komið þá strax með okkur með töluvert góða auglýsingu og borgin auglýsti líka hjá okkur. Það er að segja ákveðnar stofnanir hjá borginni. En síðan hefur það vaxið úr því að vera þessi hálf milljón upp í að vera, kostnaðurinn við Hinsegindagana sjálfa var yfir átta milljónir, eða veltan á þeim núna síðast og ef við tókum ráðstefnuna með upp í tólf milljónir. Og það fer náttúrulega mest í svona umbúðirnar sjálfar en það fer töluverður peningur í kynningarkostnað og síðan þá hafa fleiri fyrirtæki komið með eins og eins og Vífilfell og Icelandair. Icelandair hótelin og þau gay fyrirtæki sem til eru eins og Jómfrúin og Room with a view og Tower Hotel og fleiri sem hafa skynjað

Það að þú ert ekki bara, að með því að auglýsa á vettvangi Hinsegindaga að styrkja eitthvað. Þú ert líka að fá alveg heilmikið til baka og það er það sem við hömrum á að við erum ekkert að biðja um neina ölmusu. Við erum að gefa fyrirtækjum og stofnunum færi á því að hérna höfða til svona frjálsslynda hlutans af þjóðinni og þeirra sem að hérna vilja versla frekar við frjálsslynd fyrirtæki heldur en þröngsýn. Jákvæð fyrirtæki heldur en neikvæð. Og þetta hefur sýnt sig allt og þetta lærir maður á þessum ráðstefnum allt af rannsóknum sem hafa verið gerðar í öðrum löndum. Það sýnir sig að það er miklu stærri hluti af hverju þjóðfélagi á Vesturlöndum allavega og borgarþjóðfélögunum, kannski Bandaríkjunum, kannski ekki eins mikið í sveitunum, en sem að hérna vill frekar versla við slík fyrirtæki. Og það auðvitað hefur komið í ljós hér í rannsóknum þegar spurt er um hvort eigi að leyfa hommum og lesbíum að giftast og ættleiða börn og svo framvegis, að þá er mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar sem styður það. Sem segir okkur að hérna að við getum farið til fyrirtækja og segja: Við erum hér með 80% þjóðarinnar sem styður réttindi samkynhneigðra. Það hlýtur að vera einhver hópur sem að þú vilt ná til. Og það að fá yfir 40.000 manns í bæinn eins og árið 2004 sem er um 39% af íbúum Reykjavíkur. 15% af íbúum landsins segir okkur að hérna að það hefur eitthvað mikið breyst á þessum árum bara sem að Hinsegindagarnir hafa verið og náttúrulega breytingin sem við þekkjum auðvitað sem að byrjaði mikið fyrir en tekur eitthvað stökk þarna og fólk er svona reiðubúið. Og það sem að Hinsegindagar geta gert enn frekar ef að fyrirtæki í ferðaþjónustu sem reka matsölastaði, gististaði og bara alla almenna ferðamannþjónustu opna betur augun, og fleiri fyrirtæki opna augun þá er ekkert því til fyrirstöðu að við getum flutt inn þúsundir gesta á Hinsegindaga. Við verðum sennilega, við höfum verið með tveggja daga hátíð, það er að segja byrjað á föstudagskvöldi og verið svo á laugardegi. Það eru allar líkur á því að 2005 höldum við fjögurra daga hátíð. Byrjum á fimmtudegi og endum með kvikmyndasýningu og vonandi íþróttaleik, milli bandarískra og íslenskra homma og lesbía og þannig að hátíðin er að stækka og þannig að ef allir vinna með, eins og ég segi þá er ekkert því til fyrirstöðu að fá þúsundir gesta á Hinsegindaga.

Ég held að það sé ekki stórt element. Ég held að það sé ákaflega fámennur hópur og algjör minnihluti sem kemur til að sjá einhver frik. Við höfum ekki svo sem verið með svona djörfustu atriðin sem sjást í göngum eins og Sydney og San Francisco og þeim borgum og þeir einu svona, nektaratriðin sem að svona hafa valdið einhverri umræðu hjá okkur hefur verið straight fólk, straight karlmenn sem hefur verið að steggja eða eitthvað slíkt og við höfum nú heldur barist á móti því að fá slíkt inn í gönguna. Það var algerlega meðvitað frá upphafi að skipuleggja gleðigöngu en ekki mótmælagöngu. Og það væru ekki kröfuspjöld uppi. Fyrir því liggja nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er þetta gleðidagurinn okkar. Þetta er uppskerudagurinn okkar þar sem að við komum saman eins og annað fólk auðvitað gerir á sínum dögum en ég ætla nú kannski ekki að segja að þetta séu jólin okkar en þetta er svona dagurinn á árinu sem að við minnumst þeirra sem að jú hafa farið á undan okkur og hérna unnið sigra og gert það að verkum að ástandið er betra núna en það var. Og fyrir því er ástæða til að gleðjast. Og það er auðvitað uppruninn í þessu öllu saman í Bandaríkjunum. Þá fóru menn í fyrstu göngurnar 1970, '71-2 til þess að gleðjast yfir því að í fyrsta skipti í sögunni í Bandaríkjunum þá komu hérna hommar og lesbíur saman í stórum hópum eða hópi niðri í Greenwich Village til þess að standa á rétti sínum. Sögðu: Nei, hingað og ekki lengra! Og með því vannst stórkostlegur sigur sem að hérna kom þeirri hugsun inn hjá fólki að samstaðan, við þyrftum ekki að kúldrast eitt og eitt í sínu horni og hugsa okkar og láta berja okkur og handtaka okkur og gera alla þá hluti. Ef við stæðum saman þá gætum við gert svo mikið og við gætum sýnt hvað við erum fjölmenn og sýnt hvað við orkuðum mikils ef við bara hefðum vit á því að standa saman. Síðan náttúrulega þegar þú býrð í landi sem að hefur íbúa sem eru búnir að átta sig og eru farnir að hugsa öðruvísi um okkur en gert var og við njótum þessa mikla stuðnings úti í samfélaginu að þá er líka ástæða til þess að fara út og þakka fyrir sig. Og þakka hérna öðrum Íslendingum fyrir það að vera þeir sjálfir og þora að hérna að vera vinir okkar og vera vinir okkar. Og það er þá líka ástæða til og svo er auðvitað líka bara hin klassíska ástæða að fara út og skemmta sér og hafa gaman og hérna og koma fólki á óvart með nýjum uppákomum og hérna og það er alveg náttúrulega dásamlegt að fara niður Laugarveginn og sjá 40.000 brosandir andlit. Og margar svona skemmtilegar sögur sem maður hefur heyrt í gegnum tíðina. Ég t.d. heyrði sögu af því þegar við

hældum Pride göngu númer tvö, 2002 og þá sagði mér góður vinur minn og herna og vinkona, sem eiga nú ekki barn sjálf, en sögðu mér frá frænku annars þeirra sem að var þá held ég sex ára og hún fór að tala um það nokkrum vikum fyrir gönguna að hún ætlaði í prinsessugönguna. Og var alveg búin að ákveða í hvaða kjól hún ætlaði að fara og með prinsessusprotann og allt með sér. Og foreldrarnir hugsuðu nú ekkert mikið um þetta en fannst það nú svolítið skrítið að stelpan vissi af því að þetta væri væntanlegt og höfðu kannski ekki áttað sig á því hvað okkar kynning hafði verið góð og farið víða. En svo þegar dagurinn nálgast þá uppgötva foreldrarnir að önnur lítil frænka, sem sagt frænka þessarar litlu stúlku að hún átti afmæli þennan dag og hún yrði náttúrulega að fara í afmæli frænku sinnar en hún harðneitaði því. Og sagðist ekkert fara í afmæli þegar að það væri prinsessuganga. Og herna þannig að foreldrarnir fóru í afmælið fyrir hennar hönd en frændi hennar og frænka, hvernig þau tengsl voru nú, þau fóru með litlu stúlkuna í prinsessugönguna og þar var hún mætt með sinn sprota. Þannig að sko þegar að þú ert farinn að ná alveg niður í sex ára bekk með skilaboðin þá hefur greinilega eitthvað heppnast vel. Og það eru svona sögur sem að herna eru skemmtilegar. Og önnur sem að ég kannski heyrði af einum sem var í göngunni og heyrði að þegar ónefnt atriði fór framhjá og þar var dragdrottning á ferð og þá var lítill strákur sem að leit upp til mömmu sinnar og sagði: Mamma. Rosalega er þetta ófrið kona. Þannig að það eru svona ýmsar litlar sögur sem að myndast í þessum göngum.

Ég held það nú sko að þegar öll þessi margra ára umræða hafði átt sér stað og þá auðvitað herna fleiri auðvitað komu útúr skápnum og kannski þegar fyrirmyndirnar eru orðnar fleiri. Það eru orðnir kannski fleiri einstaklingar þekktir í samfélaginu, listamenn og aðrir sem að koma út, og herna að þá bara eins og að við vitum öll ég meina, að Íslendingum þykir vænt um börnin sín og herna og bara lærðu það að það er líka mjög eðlilegt að þykja vænt um lesbíurnar sínar og hommana sína. Og þannig að það hefur bara tekist vel í starfi Samtakanna '78 og þeirra einstaklinga sem að þorðu að koma fyrstir fram og fara í viðtölin og opinbera sitt einkalíf og kannski meira heldur en fólk á að venjast að fólk eigi að þurfa að vera að opinbera sitt einkalíf en hafði kjark til þess að gera það. Og herna vegna allrar þessarar vinnu þá hefur

andrúmsloftið breyst og ég held líka bara að það hafi verið komin einhver svona þörf hjá hérna samkynhneigðum á Íslandi að fara í einhverja svona stóra útrás. Að koma út opinberlega. Vegna þess að hvað er Gleðigangan? Hún er auðvitað, þar er fólk að koma út sem hópur. Og hérna við erum að sýna hvað við erum fjölmenn og hvað við erum stór og hvað við eigum marga vini. Og þörfin hafði bara ósköp einfaldlega verið orðin mjög mikil til þess. Nú svo náttúrulega höfum við bara, hefur okkur bara tekist að búa til bara skemmtilega dagskrá. Við erum með hérna góða listamenn sem ekki má gleyma, að hérna undirbúa og gera Hinsegindaga, gera það í sjálfboðavinnu, og allir listamenn sem að koma fram á Hinsegindögum gera það án þess að fá greitt fyrir. Við greiðum kostnað fólks. Við flytjum erlenda listamenn til Íslands og greiðum kostnaðinn af því. Flugleiðir hjálpar okkur við það og hótelin og gistihúsin. Eins og Room with a view og Tower [Hotel] og fleiri hafa hjálpað okkur með að skjóta skjólshúsi yfir fólk og gera það án endurgjalds og þar af leiðandi við höfum verið svo heppin að fá mjög góða listamenn bæði innlenda og erlenda og margir af okkar hérna frægustu listamönnum hafa stutt okkur með því að koma fram. Sumir oft eins og Andrea Gylfadóttir sem að hefur margsinnis troðið upp á samkomum hjá okkur. Bæði hjá Hinsegindögum og styrktardansleikjum og annað. Við getum nefnt Stuðmenn, auðvitað Pál Óskar og Marius og stelpurnar í Homos with the homos og svo framvegis og svo framvegis. Að og svo gerist eitthvað, þegar að er svona þegar að við erum búin að vera að undirbúa þetta allan veturinn og það er farið að spyrjast út sögur, hverju sé von á núna og hvað sé væntanlegt. Svo þegar það er eftir svona mánuður í Hinsegindaga þá finnur maður það á fólki að þá er það orðið spennt og þá er það farið að hugsa bíddu, hvað ætlar það að gera sjálf, ætlar það að hérna að búa til atriði eða ætlar það bara að vera þrúðbúið niðri í bæ eða ætlar það að koma og vinna með og hjálpa og svo framvegis, þannig að það magnast svona spenna og ég held að okkur hafi líka tekist að vinna mjög góða svona kynningarvinnu, að við höfum, og ekki má gleyma því að fjölmiðlar hafa almennt allir verið ofsalega jákvæðir út í þessa hátíð. Og síðast en ekki síst Reykjavíkurborg sem er stærsti stuðningsaðili fjárhagslega sem að við gerðum þriggja ára samning við í febrúar 2004 þannig að Reykjavík styrkir okkur um 1.6 milljónir 2005, '06 og '07 þannig að það eitt og sér að fá peninga frá borginni snemma þýðir að við getum farið í ákveðna framleiðslu á



kynningarefni snemma og við erum með örugga innkomu til að byrja með og síðan hafa verið tryggir auglýsingaaðilar hjá okkur. Við erum að ganga inn í nýtt samstarf með Icelandair vegna San Francisco. Við erum orðin systurborg San Francisco í Pride-haldi sem þýðir að við eigum von á fullt af gestum frá San Francisco á okkar hátíð 2005 og við verðum þar með floater í göngunni þeirra og þau verða með floater hjá okkur og vonandi fara bara mjög margir að heimsækja þá. Við ætlum að búa til pakkaferð sem er svona kannski soldið djarft hjá okkur en engu að síður við höldum að það muni virka. Þannig að Pride-ið getur ennþá stækkað en það er ekki endilega markmið í sjálfu sér að það stækki. Markmiðið er auðvitað eins og orðið segir hérna pride eða stolt. Að samkynhneigðir á Íslandi séu stoltir af hátíðinni, séu stolt af að taka þátt í henni, séu stolt af sjálfu sér og að samfélagið almennt haldi áfram að vera stolt og ánægt með okkur.

Svo getur það líka breiðst út um landið eins og það hefur verið að gera. Við höfum fengið atriði frá Akureyri t.d. og Ísafirði og ég læt mig nú dreyma um það að allir stærstu kaupstaðir landsins verði með atriði á Hinsegindögum og sendi og hérna myndi hóp og komi suður og séu með sitt atriði. Egilsstaðir, Siglufjörður, Akranes og að það komi lesbíur og hommar frá þessum stöðum til Reykjavíkur. Og ættingjarnir og vinirnir með þeim og geri sér bæjarferð til þess að taka þátt í þessu. Og hérna vegna þess að maður veit þó maður hafi engin sko persónuleg dæmi um það að, þá veit maður að Hinsegindagar hafa bjargað mannlífum. Maður finnur það á ungu krökkunum að fyrir daga Pride þótti ungt og djarft að koma út kannski svona rúmlega tvítugt. Í dag eru krakkar að koma út fjórtán, fimmtán, sextán ára gömul. Ekki óalgengt sextán, sautján ára gömul af því að þau finna það að það er ekki einhver dauðadómur að vera hommi eða lesbía. Að það er allt í lagi að segja vinum sínum frá því í skólanum. Það er allt í lagi og það á að vera í lagi og ég veit að það er yfirleitt í lagi að fara og tala við foreldra sína um það og segja foreldrum sínum: Mamma ég held að ég sé lesbía, ég er ekkert skotin í strákunum, ég er miklu skotnari í stelpunum. Og auðvitað er það alltaf eitthvað sjokk fyrir foreldra og vini að heyra þetta því einhvern veginn er fólk svo straight-tjúnað en það fylgir því ekki sami háskinn og það fylgdi áður. Að foreldrarnir eru menntaðri og undirbúnari og kennararnir eru það líka

þó að mikið megi bæta kennsluna, bæði í framhaldskólum og grunnskólum um samkynhneigð, að þá eru þau engu síður undirbúnari heldur en þau voru og það getur ekki, ég meina maður getur ímyndað sér, ég get ímyndað mér sjálfan mig að þegar ég vissi að ég var hommi tólf, þrettán ára gamall á Ísafirði að ef maður hefði fengið síðan sjónvarpsfréttir af því að það væru 40.000 manns niðri í bæ að fagna með samkynhneigðum, að manni hefði ekki fundist það jafn erfitt þá að vera samkynhneigður eins og manni fannst það þá.

Já kirkjunni finnst nú ýmislegt sko. Nei ég hef sko heyrt svona svipuð sjónarmið og meira að segja vel meint, ég meina er þetta ekki bara allt of mikið? Er þetta ekki hvetjandi fyrir fólk til þess að, þetta er svo ofsalega gaman, þið eruð svo ofsalega mörg að er þetta ekki bara hvetjandi fyrir fólk til þess að verða hommar og lesbíur? Og við því er nú bara mjög einfalt svar, að hérna að bara að kynhvötin og þar með ástarhvötin, hvert sem sagt okkar ástartilfinningar beinast, að hvort sem að þú ert straight eða gay, það skiptir engu máli það vita það allir sem að hugsa um sína eigin kynhvöt að hún er það sterk að þú breytir henni ekki neitt með einhverri tiskubylgju. Auðvitað er fullt af fólki, unglungum og fullorðnu fólki sem að prófar sig áfram í kyn- og ástarlífi og það er ekkert að því. Og miklu meira fólk heldur en fólk gerir sér grein fyrir. Það eru miklu fleiri karlmenn sem hafa átt sínar ástarstundir með karlmönnum og konur með konum heldur en að fólk almennt gerir sér grein fyrir. En síðan bara ræður hjartað að sjálfsgöðu. Og þú breytir því ekki neitt hvert hjarta þitt liggur. Þannig að ég held að það sé engin hættu á því að þetta geti leitt til einhverskonar smits á samkynhneigð. Það sem þetta gæti hins vegar gert og er að gera er að þetta getur brotið niður múrana í kringum fólk og látið fólki líða eins eðlilega og því á að líða. Í takt við sínar tilfinningar.

Já, já ég fylgdist vel með þessum málum og þegar ég kem út úr skápnum 1988, var ég búinn að vera blaðamaður í held ég um hálf ár, þannig að og kom út strax á mínum vinnustað þannig að það vissu það allir mjög fljótlega á mínum vinnustað allavega. Og ég sem fréttamaður á Stöð 2 gerði t.d. fréttir um einhverja göngu sem fór niður Laugarveginn '91 eða '92, ég man ekki hvaða ár það var. Þannig að ég gerði líka eina

af fyrstu fréttunum um svona vísi að Hinsegindögum. Og maður fylgdist auðvitað með, ég hef alla tíð verið mikill áhugamaður um stjórnsmál og lærði stjórnmálafræði í háskólanum þannig að maður hafði miklar skoðanir á þessum málum auðvitað og fyrst þegar maður heyrði það nefnt að ætti að setja lög um staðfesta samvist þá trúði maður því nú mátulega að færi í gegnum alþingi Íslendinga. Var síðan eiginlega alveg hissa á því að skyldi fara í gegnum þingið með mótatkvæði eins þingmanns og en svona þegar maður fer að hugsa tilbaka þá er það nú kannski líka ofsalega dæmigert fyrir Íslendinga að hérna að það er eitthvað mál sem að einhver hópur er búinn að vera sko með á herðunum í aldir alda hér á Íslandi og ekkert gerist. Jú það er sussað og ekki talað um það og svo framvegis og svo er því bara allt í einu skotið í gegnum þingið á einhverjum methraða nánast án umræðu. Og það var eins og umræðan hafi átt sér stað einhversstaðar annarsstaðar en í þinginu. Hún hafi einhvernveginn átt sér stað fyrir utan þingið og svo hafi þinginu bara verið sýnt ljósið og hérna og það hafi bara séð ljósið og sett einhver sjálfsögð lög. En þarna var auðvitað fyrir að fara hérna mjög einbeitri vinnu ákveðinna stjórnmálamanna. Og ég tel að ég halli ekki á neinn þegar ég nefni þar bæði Össur Skarphéðinsson og hérna Ingibjörgu Sólrúnu sem að hérna beittu sér bæði mjög í þessum málum. Og það voru fleiri þingmenn auðvitað í öllum flokkum. Í Framsóknarflokki, í Sjálfstæðisflokki, í Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi, þessum gömlu flokkum sem nú eru ekki lengur til. Að það var fólk í öllum þessum flokkum sem að var tilbúið til að leggja þessum málum lið og út af einbeitri vinnu þessa fólks, ég meina það dreif málin í gegn og þessi rannsókn á högum samkynhneigðra er gerð og menn komast bara að þeirri niðurstöðu að það er víða pottur brotinn og sem að ekki teljist sæmandi í lýðræðislegu samfélagi. Og það er út af þessarri vinnu að þetta fer svona hratt í gegnum þingið þegar að það loksins fer í gegn. Og það var auðvitað rosalega stór stund að vera uppi í Borgarleikhúsi 27. júní 1996 og fagna þar með systur og bræðrum og fá forseta Íslands, Vigdísu Finnbogadóttur á staðinn. Þá var það einhvernveginn svo sjálfsagt mál og það var það sem gerði stundina svo fallega að hvað þetta var allt saman sjálfsagt mál þegar það var um garð gengið en maður hugsar auðvitað um öll þau sem að höfðu átt út af kynhneigð sinni kannski ömurlega ævi hér í 1100 ár í sögu hérna þjóðarinnar. Og á þeirri stundu þá sko var maður bæði að hugsa um það fólk og hérna að gleðjast þannig

að þetta var svona eins og maður var svona eins og í Chaplinmynd, maður vissi ekkert hvort maður átti að gráta eða hlæja sko, en maður gerði nú bara bæði.

Það er alls ekki hægt að leggja niður laupana sko og það sem er eftir er auðvitað bara að vera á vaktinni og viðhalda. Það á ennþá eftir að koma því í gegn núna að semsagt að lesbíur geti til dæmis farið í tæknifrjóvgun. Það á ennþá eftir að koma því í gegn í íslenskum lögum að hommar og lesbíur geti ættleitt börn undir sömu skilyrðum og annað fólk. Það sé ekki horft til kynhneigðar okkar þegar að við sækjumst eftir því að ættleiða börn. Þannig að þau mál eru ennþá eftir í réttindabaráttunni. Fólk sem er trúað og er samkynhneigt það nýtur ekki sömu réttinda innan safnaða á Íslandi og annað fólk gerir og ég veit t.d. að í Ásatrúarsöfnuðinum, þar sem er mikill vilji til að fá að gifta lesbíur og homma, það hefur ekki fengist í gegn hjá Dómsmálaráðuneytinu, jafnvel þó að söfnuðurinn sé tilbúinn til þess og Þjóðkirkjan er ennþá að brasa við þá spurningu, og nú hef ég rætt þetta við marga presta, og þeir eru prestarnir ennþá að velta fyrir sér spurningunni hvort að hommar og lesbíur séu hluti af sköpunarverkinu. Vegna þess að þeim finnst svarið við því að hvort að hérna kirkjan geti blessað okkur og gefið okkur saman vera hvort við séum hluti af sköpunarverkinu. Og ég hef sagt við þetta fólk: Ég meina þú brasar úti í garði hérna allt sumarið við það að planta rósum og túlípönum og rækta garðinn þinn og engu á síður kemur upp arfi. Og allskonar aðrar jurtir sem þú vilt kannski ekki hafa í garðinum þínum, eins og sóleyjar, falleg blóm. Dettur þér í hug að spyrja hvort þetta sé hluti af sköpunarverkinu? Hvort að sóleyjarnar og fíflarnir og allt það séu ekki hluti af sköpunarverkinu? Þannig að svarið við spurningunni er svo einfalt og við vitum það sem erum samkynhneigð af því að við höfum þurft að hafa fyrir því að koma út úr einhverjum skáp af því að okkur var pakkað inn í hann þegar við fæddumst. Af því að það er horft á litlu stúlkuna sem að er nýfædd og það eru jafnvel sumir farnir að hugsa um það strax, sko að hvað ætli hún eigi mörg börn og eigi hérna fallegan mann þegar hún er orðin stór. Það er ekkert hugsað: Kemur litla sæta lesbían í heiminn og hérna og það verður ægilega gaman þegar að hún finnur kærustu. Þannig að okkur er strax pakkað inn í þennan skáp þegar við fæðumst og svo erum við að berjast til að komast út úr honum alla tíð. Og af því að við höfum þurft að fara í gegnum þann prósess þá

vitum við að við erum hluti af sköpunarverkinu, að við, að tilfinningar okkar eru alveg jafn sannar og ást karls á konu og konu á karli. Það er enginn munur á þessum tilfinningum og þær eru alveg jafn mikið verk Guðs eins og allt annað á jörðinni.

Ég er búinn að tala um þetta við svo marga presta og þeir eru ennþá að bögglast með þessa spurningu. Og kannski vegna þess að þeir hafa aldrei þurft og þær, bæði kvenkyns og karlprestar, kannski aldrei þurft að standa frammi fyrir því eins og samkynhneigt fólk þarf að standa frammi fyrir einhverntímann á ævinni, hvort sem hann gerir það tíu ára, tólf ára, fimmtán ára, 20 ára, 30 ára, 60 ára, það skiptir ekki máli, einhverntímann kemur að því að það þarf að gera þetta upp við sig endanlega gagnvart sjálfum sér og þegar þú ert einhvernvegin búinn að því þá er bara eins og hérna einhver stífla bresti og hérna öll angistin farin og maður skilur ekki hvers vegna maður var svona angistarfullur yfir þessu áður. Manni finnst þetta bara eiginlega fyndið að hafa haft svona miklar áhyggjur af þessu. Eftir á. Að þegar fólk þarf ekki að fara í gegnum þennan tilfinningalega hreinsunareld þá á fólk svona erfitt með að skilja það að ást okkar hérna sé eitthvað öðruvísi og sumir eiga erfitt með að skilja það að við viljum ekki láta lækna okkur af samkynhneigðinni. Sko ég hugsa til þess með hryllingi ef slík lækning hérna fyndist og hún kæmi einhverntímann fram. Sennilega kæmi hún fram með einhverskonar genatísku grufli í móðurkviði og það er auðvitað svona einhver Frankenstein hugmynd sem maður vonar að aldrei nái fram að það verði hægt að finna lesbíugenið og hommagenið þannig að menn fari að krukka í meðgönguna hjá fólki og velja sér hérna og velja inn í heiminn eingöngu straight einstaklinga.

DV 171

Það er líka annað sko ef maður spyr er allt komið? Og það þarf ekki að standa vörð um neitt og svo framvegis? En það eins og í öllum mannréttindum að þá þarf auðvitað stöðugt að vera á vaktinni. Það þarf stöðugt að fylgjast með að það sé ekki, því að við endurnýjumst svo hratt og föttum stundum ekki hvað ævi okkar er stutt og hvað kynslóðirnar endurnýjast hratt og það þarf stöðugt að halda nýjum kynslóðum við

efnið vegna þess að það tekur ekki nema 20-30 ár að búa til allt allt annað andrúmsloft. Það tók ekki nema tíu ár að búa til andrúmsloftið fyrir herna nasismann í Þýskalandi og gera það að verkum að heil þjóð fór og missti vitið og kaus yfir sig í lýðræðislegum kosningum þennan skríl sem að stjórnaði þar með afleiðingum sem allir þekkja. Það er líka hitt að við eigum ennþá mjög langt í land með að vera virkilega stolt af öllu okkar fólki. Ég meina samkynhneigðir eru útum allt. Við eigum herna listafólk sem þarf að vekja athygli á. Samkynhneigðar bókmenntir njóta ekki sömu athyglinnar eða virðingarinnar og straight bókmenntir. Samkynhneigðar kvikmyndir. Samkynhneigðir einstaklingar í ýmsum störfum njóta sín ekki vegna þess að það er talið að þeir geti ekki sinnt þeim jafn vel og gagnkynhneigðir. Í Bandaríkjunum skiptir miklu máli sem okkur sem herlaus þjóð finnst mjög skrítið að Bandaríkjamenn vilja ekki að samkynhneigðir þjóni í hernum. Ísraelsmenn sem eru miklu miklu minni þjóð sem er búin að vera við stöðugt stríðsástand þeir hafa þó allavega komist að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að þeir hafa ekki efni á því að hafna herþjónustu lesbía og homma. Það er eitthvað mjög skrítið þegar að þú telur að fólk geti ekki verið á vígvelli vegna kynhneigðar sinnar. Dettur einhverjum í hug að á einhverjum miðjum vígvelli að menn ætli sér að fallast í einhver kynferðisleg faðmlög? Að þeir gleymi því að það sé óvinur hinum megin við línuna? Þannig að það er svo mörg bjöggun og brenglun sem að er í gangi við mat á einstaklingum. Ég heyri t.d. innan úr leikhúsunum að það sé sagt að sko hommi geti ekki leikið straight elskhuga en straight leikari getur leikið homma. Hvernig má það vera að herna að samkynhneigður karlleikari geti ekki leikið Rómeó með nákvæmlega sama hætti? Hann gæti þess vegna leikið Júlíu líka ef á þarf að halda, en það eru margar svona bábiljur sem að eru í gangi og þarf að hreinsa út með upplýsingum. Með því að sýna fólki bara fram á að þannig eru hlutirnir ekki þegar á reynir.

Já já mér fannst, og ekki bara hann. Mér fannst, margir komu fram áður en til dæmis ég var kominn útúr skápnun. Auðvitað dáðist maður að fólki þegar maður var sjálfur klemmdur inni í skápnun og herna gekk inn í Lindargöturíkið og þar voru stelpur og strákar að selja Úr felum. Og maður dáðist að kjarki þessa fólks sem að ég man ekki lengur hverjir voru og þekkti ekki persónulega þá. Að það þurfti kjark til að standa á

föstudegi fyrir utan ríkið og selja Úr felum. Og hérna maður hafði líka og bar og ber enn óttablandna virðingu fyrir manni eins og Gulla rakara, hérna fyrir Herði Torfasyni auðvitað, Stelli Hauks, Elísabetu Jökuls [*sem er reyndar Þorgeirsdóttir*]. Elísabetu þekkti ég frá Ísafirði og maður dáðist að þessum stelpum sem að maður þekkti og voru að koma fyrstar út úr skápnemum sem að ég þekkti persónulega, hérna dáðist að kjarki þeirra. Maður getur nefnt fleiri viðtöl sem maður sá eins og við Guðna Baldursson, við Þorvald Kristinsson og fleiri sem að brutu ísinn með að koma fram fyrir skjöldu og fyrir okkur öll hin. Ég var nú svo lánsstur að kynnast svona þjóðsagnapersónum áður en þær hurfu yfir móðuna miklu útaf alnæminu eins og t.d. Trixie sem að maður hérna skilur að hafi verið eins og gangandi atómsprengja hvar sem hún kom. Og hérna en það er einmitt þetta fólk og fólk segir stundum: Út af hverju þurfið þið að hafa svona mikið drag í pride? Þá segi ég sko: Það var dragsveitin sem að fór fremst. Ég meina hverjir voru hinir augljósustu sem að urðu fyrir fordómaseggjunum? Hverjir voru barðir fyrst? Það voru auðvitað strákarnir í kjólunum sem voru barðir fyrst. Þannig að þetta er mikil framvarðarsveit, dragdrottningarnar, sem að hefur tekið á sig heilmikinn brotsjó og á auðvitað rætur í leikhúsi þegar karlmenn léku öll hlutverk en þetta er allt hluti af okkar menningu sem að við verðum að halda uppá. Og drag er í fyrsta lagi skemmtilegt þegar það er vel gert og skemmtilegt leikhús að horfa á það. En þetta er líka hluti af okkar sögu og menningu að fara fram á sviðið með þessum hætti. Og það er líka bara gefandi að sýna það hvernig konur geta sýnt karlmanni, nú er til dæmis í leikhúsi hér í vetur sett upp sýning þar sem konur voru að leika karlmenn og hérna það er alveg sama hugmyndin á bak við. Að sýna kannski hliðina á kynjunum sem að við sjáum ekki svona dags daglega. Við sjáum ekki hið kvenlega í karlmönnum svona dags daglega þó að auðvitað sé það þarna. Það eru allir karlmenn með einhverja kvenlega eiginleika og það eru allar konur með einhverja karllega eiginleika því þetta er ekki svona hreint og klárt. Og þess vegna af því við sjáum það svo illa dagsdaglega þá er gaman að sjá það til hátíðabrigða. Hvernig það lítur úr. Og auðvitað gaman að sjá 150 kílóa mann í kjól syngja kabarett eða eitthvað slíkt. Það er bara spaugilegt og skemmtilegt.

Nei, þá er ég allavega, þá er ég einhverntímann í bíl og að keyra á eftir strætó og sé hérna plakát af tveimur hömum sem eru að auglýsa að þeir séu ekki hræddir við alnæmi sem var nú mjög djörf auglýsing þá. En ég hugsa strax rosalega er hann sætur annar á myndinni og fannst hann alveg meiriháttar huggulegur og svo hugsaði ég svo sem ekkert mikið um það. En hérna ekki löngu seinna samt fer ég á dragshow á 22 og þar var svona flugfreyjushow. Tveir í flugfreyjubúning. Og daginn eftir þá fer ég til vinar míns og segi hérna: Hver er þetta sem var þarna í flugfreyjushowinu í gær? Og hann segir: Hvor þeirra? Og ég segi: Þessi sem var í flugfreyjushowinu. Það voru mörg show. Hann sagði: Já ég veit það í flugfreyjushowinu. Ég sagði: Það var bara einn. Hver var það? Og hann segir: Þeir voru tveir. Nú voru þeir tveir? Og þá sem sagt var það sem sagt þessi sami og hafði verið á hérna alnæmisauglýsingunni og við byrjuðum saman bara nokkrum dögum seinna eftir þetta show og vorum saman í níu ár rúm.

Auðvitað sko. Ég lendi voðalega oft í því að hérna sko fólk trúir því ekkert að ég sé hommi. Að maður uppfyllir ekkert stereotýpuna. Og ég hef stundum lent í því sko í vinnu að það er verið að undirbúa eitthvað hérna svona sammenkomst eitthvað hér og þar og jafnvel verið að fara eitthvað út að borða með einhverju samstarfsfólki og það er spurt hérna: Taktu endilega með þér konuna þína. Og bara: Því miður, get það ekki, á enga konu. Nú hvað er þetta ertu bara ógiftur maðurinn, bara ólofaður? Nei, nei, ég er það ekkert en ég á ekki konu. Og þá svona mjög margir sko því finnst ég eitthvað vera svo straight acting sko að það dettur andlitið af fólki. Stundum kýs maður bara þú veist að segja hérna: Já, ég sé nú bara til með það. Vegna þess að maður nennir ekki að fara í gegnum hérna einhverja umræðu. Ekkert langt síðan þá voru hérna einhverjir mjög fullorðnir menn sem ég var að fara með um bæinn og einmitt boðið út að borða með þeim og sagt að taka með mér hérna konuna mína og ég sagði: Já og hugsaði mig svolítið um og hugsaði svo: Já, ég er ekki viss um hvort Jean Francois er til í að fara í drag í kvöld en hérna veistu bara nei ég á enga konu þannig að við verðum bara að sleppa því. Ég kem bara einn.



En ég hef verið svo heppinn sko með báða mína eiginmenn að hérna foreldrar mínir hafa verið ofsalega skotnir í sko mönnunum mínum báðum og finnst voðalega gaman að þeim, og halda ennþá vinskap við minn fyrrverandi og hérna það er bara á svona eðlilegan hátt sem að ég held að sé að verða algengari og algengari saga að hérna að fólk hefur bara gaman af hérna öllu stússinu. Allri fyrirferðinni sem getur fylgt okkur stundum og hérna öllu þessu hýra sem að fylgir okkur. Og þá er svona mikill sigur unninn. Þegar maður er orðinn hluti af blómagarðinum.